

Setningarávarp

Hreinn Haraldsson
Framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar

Ágætu ráðstefnugestir.

Ég býð ykkur öll velkomin á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar númer tvö, en sú fyrsta var haldin fyrir ári síðan. Þátttakendur á fyrstu ráðstefnunni lýstu yfir mikilli ánægju með það framtak og það efni sem þá var kynnt, og það eflði okkur í þeirri ætlan að gera þetta að árlegum viðburði í starfi stofnunarinnar. Það er líka ánægjulegt að sjá þann fjölda sem starfar utan Vegagerðarinnar og sýnir þessu efni áhuga með því að taka þátt í ráðstefnuhaldinu, bæði sem fyrirlesarar og áheyrendur.

Rannsóknastarf þessa árs hefur verið með líku sniði og þess síðasta. Áfram er sótt um mun meira fé til verkefna en unnt er að úthluta, og ávallt er erfitt að gera upp á milli áhugaverðra hugmynda og tillagna um ný rannsóknaverkefni. Sem betur fer eru margir sem hafa áhuga á að taka þátt í þessu starfi og yfirleitt er lagður mikill metnaður í að leysa verkefni vel af hendi. Eins og flestir þekkja er öllum innan og utan Vegagerðarinnar fjálst að sækja um fjárveitingar og styrki til afmarkaðra verkefna þar sem umsækjendur skilgreina markmið verkefnisins og væntanlega ávinning, og áætla tímaþörf og kostnað. Það hefur síðan verið hlutverk Rannsóknarráðs Vegagerðarinnar að meta umsóknirnar og velja úr þau verkefni sem hljóta fjárveitingu á hverju ári. Ég tel að ástæða sé til að hugleiða hvort ekki sé rétt að breyta þessu fyrirkomulagi, og lít þá meðal annars til þess sem verið er að gera hjá systurstofnunum okkar erlendis. Þar er einkum um að ræða breytingar á því hvernig ný verkefni verða til og ákvörðun um þau tekin.

Hugmyndin er, að umtalsverður hluti þess fjármagns sem er til ráðstöfunar á hverju ári fari til verkefna sem Vegagerðin skilgreinir kerfisbundið fyrirfram og fær ráðgjafa til að vinna, í stað þess að hugmyndir að nýjum rannsóknum verði í flestum tilfellum til hjá þeim sem síðan vinna verkefni. En áður en til þess kemur tel ég að stofnunin þurfi að skilgreina rannsóknarstefnu sína, alveg eins og hún hefur t.d. skilgreint umhverfisstefnu og umferðaröryggisstefnu. Vinna við slíka stefnumótun er þegar hafin hjá rannsóknardeild, og byggir einkum á markmiðum okkar stofnunar, og á markmiðum sem Alþingi hefur samþykkt í samgönguáætlun, en einnig verður litið til nýrrar stefnumótunar sem nú er unnið að í Evrópu, og sem ég mun gera nánari grein fyrir í erindi hér síðar í dag undir lok ráðstefnunnar. Í rannsóknarstefnunni, sem bæði verður til lengri og skemmri tíma, verður reynt að forgangsraða þeim viðfangsefnum sem mikilvægast er að sinna hverju sinni, og þar verður meðal annars leitað til starfsmanna Vegagerðarinnar á hinum ýmsu sviðum sem hið daglega starf hvílir á. Hvar skortir helst nýja þekkingu? Hvar þarf að bæta starfsaðferðir? Hvaða vinnulag sem viðhaft er erlendis eða tækjabúnað væri æskilegt að prófa hérlendis, og svo framvegis. Einnig þarf að tengja áherslur í rannsóknarverkefnum við stefnumarkmið samgönguáætlunar eins og áður sagði, þar sem kerfisbundið yrði farið yfir markmiðin og skoðað hvar unnt væri að nálgast hvert og eitt þeirra betur eða hraðar með auknu rannsóknar- eða þróunarstarfi, sem auðvitað er bara einn þáttur af mörgum sem þarf að sinna til að ná markmiðunum. Slík yfirferð, sem einnig yrði gerð á markmiðum Vegagerðarinnar, myndi væntanlega beina sjónum að ýmsum vandamálum eða

úrlausnarefnum, sem Vegagerðin felur síðan ráðgjöfum utan stofnunar að leysa. Þessi aðferðafræði við skipulag rannsóknarstarfs er oft kölluð “top down”, þar sem fjármögnunaraðilinn eða “eigandi vandamálsins” skilgreinir verkefni til úrlausnar, en sú aðferð sem við hingað til höfum fyrst og fremst stuðst við kallast “bottom up”, þegar sá sem vinnur verkefni skilgreinir þau sjálfur í upphafi. Að sjálfstöðu verður þeirri síðarnefndu ekki kastað fyrir róða, enda mjög mikilvægt að þeir sem vinna að vísinda og þróunarstarfi fái líka tækifæri til að leggja fram hugmyndir að verkefnum til úrlausnar. Hæfileg blanda af hvorutveggja er væntanlega heillavænlegast í þessu eins og mörgu öðru.

Þessar breytingar á rannsóknarumhverfi Vegagerðarinnar munu sennilega að einhverju leyti taka gildi þegar við næstu úthlutun rannsóknarfjár snemma á næsta ári. Ekki er enn ljóst hversu stór hluti fjármagnsins fer til verkefna sem Vegagerðin skilgreinir sjálf, en það verður væntanlega vel innan við helmingur til að byrja með. Ekki hefur enn verið ákveðið hvernig staðið verður að vali ráðgjafa til að leysa einstök verkefni, en þar sem margir hafa þekkingu og getu til að vinna sama verkefni koma einhvers konar lokuð útboð mjög til greina. Þá myndu lysthafendur lýsa því hvernig þeir sjá fyrir sér að leysa einstök viðfangsefni og hvernig yrði að því staðið, hverjir kæmu að starfinu, og hver væri áætlaður tími og kostnaður við verkefnið. Sérstök matsnefnd, hugsanlega með þátttöku aðila utan Vegagerðarinnar, velur síðan milli umsækjenda.

Við sjáum fyrir okkur að framangreindar breytingar gætu frískað uppá rannsóknarstarf okkar og gert það fjölbreyttara og meira spennandi, en ekki síður gera það markvissara. Niðurstöður úr rannsókn- og þróunarverkefnum eiga að gagnast í störfum okkar sem vinnum að vega- og samgöngumálum, en þó fyrst og fremst að bæta gæði og hagkvæmni þeirra verka sem okkur eru falin, og að vera einn liðurinn í að nálgast markmið okkar um greiða umferð um vegi landsins, mikið umferðaröryggi, góða þjónustu og góða sambúð við umhverfi og íbúa. Nýrri rannsóknarstefnu Vegagerðarinnar er ætlað að vera einhvers konar leiðarljós á þeirri vegferð á komandi árum, og ég er þess fullviss að þeir sem hér eru staddir munu leggja okkur lið í því ferðalagi.

Eins og ég sagði í upphafi er ávallt erfitt að gera upp á milli þeirra verkefna sem fá fjárstuðning, en það er einnig erfitt að velja þau verkefni sem kynnt eru hér á ráðstefnunni. Við höfum reynt að velja sem fjölbreyttust verkefni, sem gefa einhvers konar þverskurð af rannsóknarstarfinu, og skiptum efninu í dagskránni í sömu flokka og við gerum við úthlutun fjárveitinga. Allir sem við leitum til varðandi kynningu verkefna hér á ráðstefnunni tóku erindi okkar vel, og vil ég hér með færa þeim bestu þakkir fyrir. Loks vil ég þakka Ásdísi Guðmundsdóttur deildarstjóra Rannsókna og þróunar fyrir hennar þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.

Auður Þóra Árnadóttir hefur tekið að sér að stýra ráðstefnunni fyrir hádegi, og Gunnar Bjarnason eftir hádegi. Ég segi Rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar 2003 setta, og bið Auði Þóru að taka við stjórninni.